**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1151 — 629. mál.**
**2. umræða.**

# Nefndarálit

**um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (endurgreiðslur).**

Frá velferðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gest frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Nefndinni bárust engar umsagnir um málið.

Frumvarpið felur í sér afmarkaðar breytingar á 15. gr. barnaverndarlaga í því skyni að skýra nánar þær reglur sem gilda um endurgreiðslur ríkissjóðs vegna barnaverndarþjónustu sem er, samkvæmt lögunum, veitt börnum sem ekki hafa fasta búsetu á Íslandi eða börnum sem eru án forsjáraðila sinna og hafa hlotið alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hún ritar undir álitið samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Guðbrandur Einarsson, áheyrnarfulltrúi, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. mars 2024.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, form., | Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, frsm. | Jóhann Páll Jóhannsson. |
| Líneik Anna Sævarsdóttir. | Bryndís Haraldsdóttir. | Óli Björn Kárason. |
| Ásmundur Friðriksson. | Guðmundur Ingi Kristinsson. | Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir. |